



## MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkurborgar

Sendandi: Friðrik K. Gunnarsson, skrifstofa umhverfisgæða

---

### **Tilraunaverkefni á hirðu á lífrænum eldhúsúrgangi – Hamrahverfi í Grafarvogi**

Neðangreint lýsir megin þrepum innleiðingar á áframhaldi á tilraunaverkefni í hirðu á lífrænum í Hamrahverfi í Grafarvogi. Um er að ræða rúmlega 300 heimilisföng í sérbýli, raðhúsum og fjölbýli. Núverandi fyrirkomulag á Kjalarnesi verður óbreytt enn um sinn.

Ástæða þess að tilraunin er útvíkkuð með þessum hætti er sú reynsla sem komin er af tilrauninni á Kjalarnesi.

Í Hamrahverfi verður safnað í frístandandi 140 l brún sorphirðum sem eru sambærileg spartunna að stærð. Vitað er að þessi ílát eru of stór fyrir eldhúsúrgang sem fellur til frá einbýli og smærra fjölbýli, en valin stærð tekur mið af vinnuvernd starfsmanna. Fylgst verður með viðbrögðum við þessu fyrirkomulagi. Í kynningarefni verður íbúum jafnframt bent á spartunnuna sem valkost.

Helstu tímasetningar:

- Maí: Pöntun íláta og frétt á heimasíðu borgarinnar. Tilkynning send starfsmanni íbúaráða. Afhendingartími íláta er 2,5-3 mánuðir.
- Ágúst: Kynningarefni og merkingar undirbúin. Miðlun um verkefni til íbúa (fréttatilkynning/samfélagsmiðlar). Samsetning íláta hjá sorphirðu og dreifingaráætlun unnin.
- September: Söfnunarílátum fyrir eldhús og kynningarefni dreift samhliða dreifingu nýrra íláta samhliða reglubundinni sorphirðu.